



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

## Drög 24. Febrúar 2011

### Mótun hönnunarstefnu fyrir Ísland - framkvæmd

#### Kynning verkefnisins

Iðnaðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra halda opin fund þar sem tilurð verkefnisins verður kynnt ásamt drögum að framkvæmdaáætlun. Hönnunarmiðstöð kynnir rannsóknarvinnu sem unnin var í sumar og fulltrúi Listaháskóla Íslands verður með erindi. Drög að framkvæmdaáætlun verða í framhaldi sett á heimasíðu og allir sem áhuga hafi fyrir geta komið með athugasemdir við verklagið.

#### Skipun stýrihóps

Iðnaðarráðherra skipar stýrihóp sem stýrir verkefninu mótun hönnunarstefnu fyrir Ísland. Stýrihópurinn samanstandi af eftirtöldum aðilum: fulltrúa tilnefndum af iðnaðarráðherra sem jafnframt er formaður, fulltrúa tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðherra, fulltrúa tilnefndum frá Hönnunarmiðstöð. Starfsmaður yrði stýrihópnum til aðstoðar og bæri m.a. ábyrgð á úrvinnslu gagna, textavinnslu og ut anumhaldi um fundi og ráðstefnu. Auk þess yrði fulltrúi frá iðnaðarráðuneyti. Myndaður verður samráðshópur stýrihópnum til stuðnings og ráðgjafar.

#### Ráðstefna um mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland – opin fundur

Ráðstefna verði haldin um mótun Hönnunarstefnu sem opin sé fyrir öllum s.s. fyrirtækjum, hönnuðum, ráðamönnum og starfsmönnum stjórnsýslunnar og annarra áhugasamra. Á ráðstefnunni verði hægt að hlýða á erindi um stefnur í öðrum löndum og helstu áherslur hér á landi og taka þátt í umræðum og hugarflugi um mótun stefnunnar.

**Markmið:** Að ræða um hönnunarmhverfið hér á Íslandi og ræða opið um mótun og markmið með Hönnunarstefnu Íslands. Safnað verður saman hugmyndum og efni til að nýta í vinnu stýrihópsins.

**Úrvinnsla:** Stýrihópurinn vinnur úr efni ráðstefnunnar og undirbýr vinnufund.

#### Hugmyndafundur um mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland - hagsmunaaðilar

Vinnufundur haldinn þar sem lagðar verða fram spurningar, verkefni eða hugmyndir sem eru byggðar á umræðu ráðstefnunnar.

**Markmið:** Ná fram aðaláherslum hönnunarstefnu Íslands byggt á ráðstefnu og greiningarvinnu.

**Þátttakendur:** Um það bil 54 manns verður boðin þátttaka og mikil áhersla lögð á góða mætingu. Tillaga að samsetningu: tveir frá hverju hönnunarfélagi (18), Hönnunarmiðstöð (3), Nýsköpunarmiðstöð (4), Listaháskóli Íslands (5), annað lykilmál úr hönnunarheiminum (10), stjórnsýsla (5), fulltrúar atvinnulífs (5).

**Úrvinnsla og kynning:** Stýrihópur bera ábyrgð á úrvinnslu gagna, gerð texta og samantektar eftir ráðstefnuna og fundinn. Drög að hönnunarstefnu verða fyrst kynnt samráðshópnum þar sem sammælt verður um drög til að setja í opið samráð.

#### Opið samráð um drög að stefnu á vefsíðu Hönnunarstefnunnar

Haldið verði úti vefsíðu um framgang verkefnisins og þar sem drög að Hönnunarstefnu verði lögð fram til opins samráðs.

**Markmið:** Að gefa þeim sem áhuga hafa, tækifæri á að leggja sitt að mörkum við mótun hönnunarstefnu.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

## Hönnunarstefnan

Hönnunarstefna Íslands kynnt og gefin út í riti auk þess að vera sett á fram á vef þannig að hún verði öllum aðgengileg. Lögð verður áhersla á að kynna stefnuna í fjölmiðlum. Sérstök áhersla verður lögð á kynningu gagnvart stjórnslu og ráðamönnum, stofnunum, fyrirtækjum, skólum, sveitarfélögum og félögum hönnuða.

## Verkátlan

	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú
<b>2011</b>							
Stýrihópur skipaður							
Samráðshópur skipaður							
Kynningarfundur um mótun Hönnunarstefnu Íslands							
Heimasíða sett í loftið							
Ráðstefna um mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland – opin fundur							
Hugmyndafundur um mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland							
Úrvinnsla og mótun stefnu							
Opið samráð um drög að stefnu á vefsíðu Hönnunarstefnunnar							
Hönnunarstefnan kynnt							